

7. nóvember 2012  
1210211

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til upplýsingalaga (þingskjal 223 – 215. mál).

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 26. október 2012, þar sem óskað er umsagnar Seðlabankans um frumvarp til nýrra upplýsingalaga (heildarlaga), 215. mál. Seðlabankinn vísar til áður veittrar umsagnar um sama efni vegna 366. máls á 140. löggjafarþingi, sbr. umsögn dags. 6. mars 2012, en þar benti Seðlabankinn á ýmsa meinbugi varðandi 6. og 7. gr. þess frumvarps.

Seðlabankinn ítrekar þær athugasemdir sem komu fram í fyrri umsögn bankans varðandi 4. tl. 6. gr. frumvarpsins, þ.e. að ákvæðið mætti ganga lengra og þá með þeim hætti að það nái til stjórnvalda almennt en ekki eingöngu ráðherra. Þá telur Seðlabankinn að fella eigi undir hugtakið *vinnugögn*, sbr. 6. tl. 6. gr., sbr. einnig 1. mgr. 8. gr., þau gögn sem stjórnvöld afli frá sérfróðum aðilum vegna starfa sinna.

Þá ítrekar Seðlabankinn athugasemdir sínar varðandi 3. og 4. tl. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Varhugavert er að almenningur hafi óheftan aðgang að upplýsingum um launakjör starfsmanna þar slíkt getur gert það að verkum að hæfir einstaklingar sækji síður um störf innan stjórnsýslunnar. Þær litlu breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðinu frá því frumvarpi sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi breyta ekki afstöðu Seðlabankans hvað þetta varðar.

Athugasemdir úr fyrri umsögn Seðlabankans varðandi 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins enn við þótt búið sé að lengja frestinn um tvö ár, þ.e. úr tveimur árum í fjögur ár.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson,  
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir,  
aðallögfræðingur